

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kerhraun 50, L173742, lóðamörk og byggingarreitur.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Kerhrauns. Í breytingunni felst að mörkum milli lóðanna Kerhrauns 49, L173741, og 50, L173742, er breytt. Kerhraun 49 stækkar í 5.535 fm úr 4.982 fm og Kerhraun 50 minnkar í 6.467 fm úr 7.190 fm. Byggingarreitum lóðanna er breytt vegna breyttra lóðamarka. Athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. október 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. október 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 6. nóvember 2025